



Brautskráning 28. maí 2022

Menntaskólinn að Laugarvatni

Heiðraða samkoma. Ágætu verðandi nýstúdentar og fjölskyldur, starfsfólk, júbílantar og aðrir hátíðargestir. Fyrir hönd Menntaskólans að Laugarvatni býð ég ykkur velkomin á brautskráningarathöfn 2022.

Í dag útskrifum við 23 nemendur af Félags- og hugvísindabraut en 22 nemendur af Náttúruvísindabraut og sameinumst hér í dag til að fagna þessum áfanga unga fólksins.

Starfsfólki Menntaskólans kann ég miklar þakkir og ég ætla að nýta þetta tækifæri til að þakka samstarfsfólki mínu sérstaklega fyrir samstöðuna síðastliðinn vetur. Undanfarin misseri hafa verið strembin á margan hátt og ég kann ykkur sérstakar þakkir fyrir að hafa ætíð verið boðin og búin að hlaupa undir bagga og leysa mál.

Það hefur ekki einfaldað stöðuna að skólameistarar tveir hafa skipst á um skólameistarasetið eins og um einhvern undarlega stólaleik sé að ræða en ég get vottað það að reynsluminni skólameistarinn hefur mætt skilningi, vináttu og kærleik í hverju skrefi. Fyrir eigið þið mínar bestu þakkir.



Halldór Páll Halldórsson sem stýrt hefur Menntaskólanum frá árinu 2001 tók ákvörðun um það nú í vetur að flýta starfslokum sínum sem voru fyrirhuguð nú í sumar. Hann lét af störfum nú á vorönninni og hefur undirrituð verið skipuð skólameistari í hans stað, út þetta ár. Stefnt er að því að Halldór verði kvaddur með formlegum hætti á afmælisári skólans, 2023.

Snúm okkur nú aðeins að fólki dagsins, verðandi nýstúdentum. Það er að mörgu að hyggja í skólastarfi og margt sem hefur á daga þessa unga fólks drifið undanfarin þrjú ár. Einungis ein önn af þeim sex sem þau hafa stundað nám við Menntaskólann að Laugarvatni hefur verið án takmarkana að fyrirskipan ríkisstjórnar Íslands, sem viðbragð við Covid-19 faraldri. Þó svo að engin loforð hafi verið tekin um að faraldrinum sé að fullu lokið þá má vonandi álykta sem svo að þessi árgangur hafi orðið mest fyrir barðinu á faraldrinum.

Upplifunin rímar þó ekki við yfirsýnina sem við fáum í baksýnispeglinum. Við leggjum af stað á hverju skólaári með það í huga að gera það sem best við megum til að tryggja ungu fólki við skólann öflugt nám og fjörugar upplifanir sem stuðla að þroska, auka víðsýni og efla sjálfstæða hugsun. Það var því ekki að undra að kominn væri örlítill örvæntingartónn þegar enn eitt skólaárið hófst, haustið 2022, við kunnuglegan söng um grímu- og sprittnotkun á útskriftarári þeirra verðandi nýstúdenta er hér sitja.



Því faraldurinn læddist upp að okkur. Á meðan við gerðum okkar besta, biðum af okkur, gerðum gott úr stöðunni, reyndum ætíð að leita leiða til að gera það sem við þó gátum gert; þá uxu þessir krakkar úr grasi. Því ungvíði í eðli sínu vex og dafnar. Og hér höfum við þennan ljómandi góða hóp sem kannski missti af 12. kafla í skipulagi einhvers framhaldsskólaáfangs – en hefur öðlast ýmsa aðra reynslu sem þau munu búa að út ævina. Þau kunna að taka því með æðruleysi að þurfa að sitja í metersfjarlægð frá öðru fólki. Þau kunna að spritta og þvo hendur betur en nokkur annar. Þau umbera grímunotkun. En þau þola ekki fjarkennslu, það get ég staðfest.

En stúdentsprófi luku þau og það þrátt fyrir mótvind og almenn leiðindi. Vorönnin nýliðna hefur verið okkur dýrmæt og starfsfólk, stjórnendur og ekki síst nemendafélagið hafa nýtt hvert tækifæri til að heiðra hefðir og skapa tækifæri til samveru og gleði. Og undanfarnar vikur hefur það tekist svo ljómandi vel.

Næstu misserin verða hefðirnar og skólabragurinn okkur hugleikinn þar sem okkur þykir við verða að hlúa að þeim þáttum meir en áður í ljósi þessa ástands sem við höfum gengið í gegnum, öll heimsbyggðin. Það eru því smávægilegar breytingar í farvatninu næsta haust, þar sem við ætlum meðal annars að breyta eyktaskipan og styrkja rammann í kringum námið almennt séð og svo starf nemendafélagsins Mímis. Okkar leiðarljós í öllu starfi er að vænka hag nemenda og þannig skólans, því skólinn er jú nemendurnir.



Það verður heilmargt um að vera í ML næsta vetur en 70 ára afmæli Menntaskólans að Laugarvatni verður haldið hátíðlegt þann 12. apríl á næsta ári. Hér er um að ræða merkisafmæli hjá þriðja elsta framhaldsskóla landsins en hann var formlega stofnaður árið 1953. Næsta vetur munu stjórnendur skólans fá starfsfólk og nemendur að borðinu við hugmyndavinnu og skipulag afmælishátíðar enda tilefni til að fagna. Það verður spennandi að sjá hvað kemur út úr hugmyndavinnunni og margt að hlakka til í þeim efnum.

Það er hollt að staldra við, á stórafmælum, og taka stöðuna. Hvert stefnum við og hvaðan komum við? Í 69 ára sögu skólans hefur aldrei ríkt lognmolla sem endurspeglar jú, þann aldurshóp sem hér stundar nám. Það eru forréttindi að fá að vinna með ungu fólki og aðstoða það við að finna sína leið í lífinu. Starfsfólkið við ML sinnir því af heilum hug að sníða nám og heimavistarumhverfi sem styður við heilbrigði, þroska og öflugt nám.

Þó svo að hópurinn sem hér situr hafi þurft að takast á við hluti sem við sáum ekki fyrir þá hafa töfrar Laugarvatns náð að hafa áhrif á unga fólkið, ekki ólíkt þeim árgöngum sem komið hafa á undan. Samvera, vinátta og samheldni einkenna nemendahópa sem héðan fara og endurspeglast best í þeim fjölda fólks sem sækir skólann sinn heim á hverju vori en ML-ingar júbílera á fimm ára fresti í ML, þó svo að Covid hafi hamlað þeim hátíðarhöldum undanfarin ár. En nú verður loks hægt að júbílera á ný, með hefðbundnum hætti.



Og sem menntastofnun erum við lánsöm að vera staðsett í fallegu umhverfi í faðmi Laugardalsins og eftir þriggja ára dvöl, þó með hléum hafi verið, hér á Laugarvatni þá munu skólinn og staðurinn ætíð eiga stað í hjarta útskriftarhópsins okkar. Eir Fannarsdóttir, útskriftarnemandi, orðaði þessa tilfinningu svo fallega í lokaverkefninu sínu nú í vor. Lokaverkefnið var ljóðabók eftir hana sjálfa en hún hannaði einnig bókarkápuna af miklu listfengi. Eitt ljóðanna fjallar um staðinn og skólann.

Ég fékk leyfi til að lesa fyrir ykkur ljóðið en það ber heitið ***Laugarvatn***.

Alltaf er líf og fjör í Menntaskólanum að Laugarvatni

Hjartað manns mun eiga hér stað

Fallegur söngur, blíður hann hljómar

Hér erum við örugg, undir Laugarvatnsfjalli

Að lokum óska ég Menntaskólanum að Laugarvatni og öllum hans velunnurum til hamingju með daginn og bið þess að sjötugasta starfsárið verði heillavænlegt.

Nú býð ég Áslaugu Harðardóttur, áfangastjóra og staðgengli skólameistara, að taka til máls en hún flytur annál skólaársins. Þegar hún hefur lokið máli sínu munu þeir útskriftarnemendur sem eru í kór ML flytja tvö lög undir stjórn Stefáns Þorleifssonar en hann hefur tekið að sér að stjórna kórnum í fjarveru Eyrúnar okkar Jónasdóttur. Þess má til gamans geta að Stefán er faðir eins útskriftarnemans.

Jóna Katrín Hilmarsdóttir,



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

Skólameistari